



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 1999**

Góðir Íslendingar.

Nýársbirtan hefur nú nokkra stund baðað land okkar litbrigðum ljóss og skugga. Hugurinn nemur fyrirheit um gleði og góðar stundir en samt vitum við öll að sorg og þrautir kunna að knýja dyra þegar minnst varir.

Í andakt jólanna eru minningar um látinn ástvin eða ættingja þeir hljómar sem lengst óma í sálum okkar, blandnir þakklæti fyrir stundirnar sem gæfan gaf og tótleika vegna áranna sem um alla framtíð verða vígð söknuði og trega.

Við í fjölskyldunni hér á Bessastöðum deilum nú slíkri reynslu með ykkur sem um hátíðir og áramót hafið leitað huggunar í eintali sálar eða samræðum við vini og ættingja um þá tíð þegar gleðin ríkti og sól skein í heiði á samverustundum.

Í veikindum Guðrúnar Katrínar veittu bænir ykkar, kveðjur og árnaðaróskir henni og okkur öllum mikinn styrk. Sú samkennd og samlíðan gáfu henni þrek til að glíma við hverja nýja þraut. Þakklæti til ykkar var heitt í hennar huga og einlæg sú ósk að ég færði ykkur það nú.

Við andlát Guðrúnar Katrínar og útför fundum við í fjölskyldunni samhug og hlýju sem löngum hafa á erfiðum stundum veitt Íslendingum eina sál, einn vilja. Fögur orð í bréfum og skeytum, teikningar frá börnum og bekkjardeildum, kveðjur frá Íslendingum hvaðanæva úr veröldinni – allt þetta og ótal margt annað varð til að veita okkur styrk í glímunni við sorg okkar og söknuð. Virðingin sem fólst í því þegar þúsundir komuð hingað til Bessastaða til að skrá nöfn sín í minningarbók Guðrúnar Katrínar mun ylja hjörtum okkar alla ævi.

Ég færi ykkur einlæggar þakkir fjölskyldunnar og óskir um að hið nýja ár verði ykkur til gæfu og gleði, að sem flestir dagar verði fagnaðarefni og framfaratíð, bæði í lífi hvers og eins og byggðum landsins alls.

Sá reynslutími sem örlögin færðu okkur í fang var áminning um hve skjótt öll viðmið og ætlan geta breyst. Á einni stundu hafði ævin umsnúist og dómur fallið á þann veg að líf og hugur verða aldrei söm. Slík augnablik sýna í sjónhending að sérhvert stundarglas mun um síðir tæmast og dýrmætt er að nýta vel það æviskeið sem hverju okkar er ætlað.

Kannski erum við flest svo bundin af önn dagsins, atburðum og verkefnum líðandi stundar, að við gleymum að rækta þann garð sem felst í ást og vináttu, traustum tengslum við börn okkar og fjölskyldur, samveru sem alfarið er helguð þeim sem okkur þykir vænt um.

Tíminn er í senn gleðigjafi og harður húsbóndi. Árin þjóta hjá hvert af öðru og fyrr en varir bíða verkalokin handan við hornið. Ekkert skeið ævinnar verður afturkallað og mikilvægt er að geta horft til baka sáttt við hverja stund.

Í dýrkun samtímans á fjármunum og frama, í umróti auglýsinga og áreitis sem metur flest á mælikvarða auðs og eigna, kann okkur að gleymast að verðmætin sem á örlagastundu reynast okkur kærust eru ekki þau sem mölur og ryð fá grandað heldur böndin sem tengjast ástvinum okkar og fjölskyldu, lífi þeirra og heilsu. Slitni þau verður allt hitt harla lítils virði.

Því er mikilvægt við upphaf nýs árs, já, reyndar við birtu sérhvers dags, að veita sjálfum sér það fyrirheit að leggja alúð við vináttu og fjölskyldubönd, gefa börnum okkar, ættingjum og félögum þær stundir sem við getum, en glata ekki stórum hluta ævinnar í kapphlaup um hið hverfula.

Við eigum ekki að þurfa að missa heilsuna eða sjá ástvini þjást til að haga lífi okkar og daglegum háttum í samræmi við þennan sannleika. Vissulega eru veikindi áminning um þau verðmæti sem okkur eru kærust en þau eru líka tími aðdáunar og þakklætis í garð lækna og hjúkrunarfólks sem með hæfni sinni og fórnfýsi koma til bjargar, veita heilbrigði á ný eða lina þjáningar á samverustundum.

Það vakti stolt okkar Guðrúnar Katrínar að heyra lækna hennar í Seattle fara lofsorðum um kunnáttu, dómgreind og vísindalega þekkingu íslenskra lækna og hjúkrunarfólks. Aðdáun hinna bandarísku sérfræðinga á heilbrigðiskerfi og læknþjónustu fámennrar eyþjóðar var ósvikin og ríkuleg. Þeir töldu mikla gæfu fyrir Íslendinga að hafa þróað sjúkrahús og heilsugæslu sem jafnist á við hið besta með öðrum þjóðum en veitir jafnframt hverjum og einum hjálp og hjúkrun án tillits til efnahags, stéttar eða ættartengsla.

Í glímunni hörðu sem staðið hefur í hartnær áratug um fjárhagsvanda heilbrigðisstofnana og umfang ríkisútgjalda hefur ef til vill verið vanrækt að spyrja um tilgang og markmið, um kjarna þessa alls: að þjónusta fólk í vanda. Ekkert er okkur eins fjarri þegar veikindi knýja dyra í fjölskyldu eða vinahópi en að ræða um skattstiga og ríkisrekstur. Samkenndin um velferð hvers og eins er þrátt fyrir allt svo samgróin íslenskri þjóðarsál að við viljum standa vörð um þá skipan sem veitir öllum rétt til lækninga, hjúkrunar, umönnunar, menntunar og þroska.

Í aðdraganda nýrrar aldar þegar rætt verður um ætlunarverk og lífssýn einstaklinga og þjóða, þá er eðlilegt að við spyrjum um framtíð þeirrar samfélagslegu arfleifðar sem dugmiklar kynslóðir færðu okkur að gjöf, um framtíð þess samfélags sem sett hefur heilbrigði og menntun allra í öndvegi.

Viljum við varðveita getu þjóðarinnar til að veita landsmönnum lækniþjónustu og hjúkrun sem að gæðum er sambærileg því besta sem aðrir njóta? Hverjar eru og verða kröfur okkar, væntingar og vonir þegar ástvinir og ættingjar þurfa á aðgerð eða hjúkrun að halda, eða þegar við sjálf, einkum þau okkar sem nú eru ung eða á besta aldri, erum komin á efri ár og glötum heilsu? Hver er hinn samfélagslegi vilji til að við Íslendingar höldum þeim gæðum sem felast í störfum lækna og hjúkrunarfólks, heilbrigðiskerfisins alls? Er ekki eðlilegt og í anda lýðræðisins að stofnanir lýðveldisins tryggi síðan að sá raunverulegi vilji ráði framtíðarför?

Viljum við, sem flest hlutum gæðamenntun fyrir á öldinni án sérstaks endurgjalds, að börn okkar og afkomendur þeirra, nýjar kynslóðir Íslendinga, geti á nýrri öld öðlast bestu menntun sem völ er á? Hvernig ætlum við að tryggja að Íslendingar verði áfram í fremstu röð að kunnáttu og hæfni?

Atvinnulíf framtíðarinnar verður í æ ríkara mæli byggt á greinum þar sem þekking, rannsóknir, vísindi og tækni ráða úrslitum um lífskjör, um arðsemi og árangur á markaðstorgi viðskiptanna.

Við höfum á undanförunum misserum fengið margvíslegar viðvaranir um að þegar spurt er um gæði og umfang menntunar séu Íslendingar neðar í stigatöflu alþjóðlegs samanburðar en flestir höfðu vænst. Aðrir eru óðum að fara fram úr okkur og þar með tapast vígstaða sem nauðsynleg er til að geta áfram notið þeirrar hagsældar sem best þekkest.

Á hinn bóginn höfum við einnig séð fjölmörg dæmi um það hvernig menntun, þekking og vísindi ráða nú á Íslandi úrslitum um vöxt nýrra atvinnugreina, auðga mannlíf, listsköpun og menningu ásamt því að efla orðstír okkar Íslendinga á sviðum sem æ meir móta álit þjóða og áhrif.

Tölvubúnaður og tækni skila vaxandi tekjum í þjóðarþú og erlend stórfyrirtæki leita nú samvinnu við ungt íslenskt hugvitsfólk.

Rannsóknir lækna og sérfræðinga í erfðavísindum og líftækni hafa lagt grundvöll að nýrri atvinnugrein sem orðið getur einstaklega arðbær í hagkerfi nýrrar aldar.

Ung sveit stjórnenda tekur nú í vaxandi mæli forystu í íslenskum fyrirtækjum og fjármálastofnunum og beitir með árangri fræðilegum aðferðum og faglegri þjálfun sem hún hefur hlotið í fremstu háskólum Vesturlanda.

Sá grunnur sem lagður var með nýskipan tónlistarmenntunar fyrir fáeinum áratugum hefur nú umbylt svo listalífi landsins að nánast í hverri viku sjáum við þess glæsileg merki að íslensk tónlist er orðin öflug útflutningsgrein.

Hliðstæð þróun hefur orðið í leikhúslífi og myndlist og ung kynslóð rithöfunda og skálda gefur þjóðinni á hverri aðventu sögur og ljóð sem sanna að frumkraftur íslenskra bókmennta er jafn ferskur við upphaf nýs árbúsunds og hann var á árdagstímum Íslandsbyggðar.

Við lok aldar sem fært hefur mannkyni meiri tæknilegar framfarir en allar hinar fyrri til samans er það ótvíráð niðurstaða að mannshugurinn er mesta orkuverið sem völ er á, að virkjun hans er haldbesta ávísunin á hagsæld og velferð, að menntun og þjálfun eru ekki síðri kraftur en sá sem felst í fallvötnum og iðrum jarðar. Í samkeppni þjóðanna á heimstorgi viðskiptanna munu þær ná mestum árangri sem best rækta gáfur og sköpunarmátt nýrra kynslóða.

Því er brýnt að samstaða skapist um að efla og styrkja menntun í landinu svo að krafturinn sem býr í ungu fólki nái að njóta sín til hlítar, svo að sérhver kynslóð fái sjálf að nýta kosti þess að vera í senn góðir Íslendingar og sannir heimsborgarar. Aðeins á þann hátt getum við tryggt stöðu Íslands á nýrri öld.

Forystumönnum sjálfstæðisbaráttunnar var vissulega ljóst að menntun og menning voru forsendur fullveldisins. Þess vegna var krafan um íslenskan háskóla meginþráður í málflutningi þeirra.

Við minntumst þess fyrir mánuði að 80 ár voru liðin frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki og hinn nýi fáni þjóðarinnar varð tákn frelsis hennar um heim allan.

Árið 1918 var vissulega þrautaár; hörmungar, armæða og örvænting voru á stundum það eina sem hugann greip. Kannski hefur sú umgjörð atburðanna orðið til að draga úr þeim fagnaðarsessi sem 1. desember ber í sjálfstæðisvitund og sögu þjóðarinnar. Hann er þó sannkallaður

sigurdagur sem færði Íslendingum í senn algildan þjóðarrétt og með sambandslögum tækifæri til lýðveldisstofnunar að aldarfjórðungi liðnum.

Slíkan dag ber okkur að varðveita. Það væri missir að týna honum í önn hversdagsins og glata þannig sterkum streng í sjálfstæðisvitund Íslendinga. Margar aðrar þjóðir mundu fagna því að eiga slíka stund vígða fullveldi og þjóðfána.

Við þurfum í sameiningu að finna leiðir sem færa þjóðinni 1. desember á ný, gera daginn að virðingardegi Íslendinga og uppsprettu sífellt nýrrar túlkunar á hlutverki okkar og stöðu.

Þótt skólahald yrði í heiðri haft mætti helga daginn umræðum og umfjöllun á þeim vettvangi með framlagi nemenda og heimsóknum listafólks, vísindamanna og forystusveitar úr landsmálum og atvinnulífi.

Í fjölmiðlum yrði tilefni til umræðna um þróun fullveldis á umbrotatímum og þau verðmæti sem skapa sérstöðu Íslendinga í síbreytilegum heimi, um það hvernig umskapa ber fullveldið í anda hvernar tíðar.

Við lok þessarar aldar og upphaf nýrrar er einmitt tækifæri til að þjóðin líti í eigin barm og leiti svara við spurningum um vegferð og ætlunarverk. Mörg okkar vinna heit um áramót – það fer vel á því að þjóðir geri slíkt hið sama við aldamót.

Spurningar um tilvist þjóða og stöðu verða æ brýnni þegar hraði umbyltinganna er slíkur að enginn getur numið þær eða skilið til hlítar, þegar nýjar kynslóðir þurfa að tileinka sér hugtök fullveldis og sjálfstæðis í samræmi við eigin vilja og reynslu og sagan ein dugir ekki lengur til réttlætningar.

Við upphaf aldar vakna á ný þær spurningar sem Sigurður Nordal setti fram í öndvegisriti, spurningar um vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur.

Hver erum við? Hvert ætlum við? Hver eru þau verðmæti og gildi sem gera okkur að þjóð og hverju viljum við fórn til að varðveita þau og styrkja?

Hvað verður um íslenska menningu, vísindi og listir á nýrri öld? Hvernig tryggjum við að sköpunarkraftur þjóðarinnar endurnýi í sífelli arfleifð okkar og framlag til heimsbyggðar?

Hvernig varðveitum við náttúru landsins, tign óbyggðanna, fegurð fjarða og dala og færum þeim Íslendingum sem hér munu búa um aldir framtíðar þá ást til ættjarðarinnar sem hefur blásið okkur bjartsýni í brjóst? Sú spurning verður æ áleitnari þegar unga fólkið sækir rætur sínar og sjálfstæðisvitund í hughrif frá fjallasölum og fossagljúfrum og telur

verðmæti þess að vera Íslendingur felast í tengslum við hið óspillta sköpunarverk náttúrunnar – sköpunarverk sem enn á ný hefur sýnt Íslendingum og umheimi öllum tign sína og kraft.

Í námunda við skil alda og árþúsunda er við hæfi að við Íslendingar leitum aðferða til að eiga samræður hvert við annað og þjóðin við sjálfa sig um vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur á nýrri öld, um það hvað sæmir best orðsperi og álitu Íslands í samfélagi heimsins.

Það koma á stundum þeir tímar að ekki verður umflúið að taka afstöðu til þess hvaða verðmæti skapa sjálfstæði þjóðar þótt sú glíma kunni að reynast torsótt og erfið í upphafi. Nú er slík stund.

Ég bið Íslandi blessunar um ókomna tíð og óska ykkur öllum gæfu og farsældar á nýju ári.